



PHOENIX LIFE

# SVÖR VIÐ SPURNINGUM ÞÍNUM

Fyrir flutning váttryggingartaka Phoenix Life Limited

Tryggingar seldar á Íslandi

Ágúst 2022

## EFNISYFIRLIT

### Lestu þennan bækling samhliða leiðarvísi áætlunarinnar.

Þessi bæklingur inniheldur svör við sumum spurningum sem þú gætir haft um fyrirætlanir okkar og hvernig þær hafa áhrif á trygginguna þína. Við mælum með því að þú takir þér tíma til að lesa þetta ásamt meðfylgjandi upplýsingum sem við sendum þér.

Ef þú hefur einhverjar spurningar eftir að hafa lesið þetta eða vilt fá frekari upplýsingar skaltu hafa samband. Samskiptaupplýsingar okkar má finna á bls. 5 í þessum bæklingi.

---

### HVAÐ ER AÐ GERAST?

|   |  |   |
|---|--|---|
| 1 | Ég er ekki viss um hvað er að gerast. Getið þið útskýrt það? | 4 |
| 2 | Hvaða tryggingar er verið að flytja?                         | 5 |
| 3 | Hvað er Phoenix Life Assurance Europe (PLAE)?                | 6 |
| 4 | Hver er ástæðan fyrir þessu?                                 | 6 |

---

### HVAÐ ÞÝÐIR ÞETTA FYRIR ÞIG

|    |  |   |
|----|--|---|
| 5  | Hefur þetta áhrif á tryggingabæturnar mínar?   | 7 |
| 6  | Breytast skilmálarnir mínir?   | 7 |
| 7  | Hvernig veit ég hvaða tryggingar ég er með?  | 7 |
| 8  | Hvað gerist ef tryggingin mín fellur úr gildi fyrir flutningsdaginn?                                 | 7 |
| 9  | Hvaða breytingum mun ég finna fyrir?   | 7 |
| 10 | Hvern á ég að hafa samband við varðandi trygginguna mína eftir flutninginn?                          | 7 |
| 11 | Hvað verður um greiðslurnar mínar?   | 7 |
| 12 | Verða breytingar á ábyrgðum eða valkostum tryggingar minnar?   | 7 |
| 13 | Hefur áætlunin áhrif á skattalega stöðu mína?  | 7 |
| 14 | Tryggingin mín fellur eins og er undir bótakerfi breska fjármálaeftirlitsins (FSCS). Breytist þetta? | 7 |
| 15 | Hefur flutningurinn áhrif á aðgengi að umboðsmanni vegna fjármálaþjónustu í Bretlandi?               | 8 |
| 16 | Hvað verður um persónuupplýsingarnar mínar?  | 8 |

---

### FREKARI UPPLÝSINGAR UM FERLIÐ SEM VIÐ FYLGJUM

|    |   |    |
|----|---|----|
| 17 | Hvernig fer ferlið fyrir dómstólum fram?                            | 9  |
| 18 | Af hverju þarf leyfi frá báðum dómstólum?                           | 10 |
| 19 | Hvað gerist ef annar dómstólanna samþykkir ekki áætlunina?          | 10 |
| 20 | Hvernig kemst ég að því hvort dómstólarnir hafi samþykkt áætlunina? | 10 |
| 21 | Fer flutningurinn sjálfkrafa fram?                                  | 10 |

|    |   |    |
|----|---|----|
| 22 | Dómstóllinn í mínu landi hefur ekki samþykkt þennan flutning. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja vernd mína?                  | 10 |
| 23 | Geta framtíðarbreytingar á því hvernig flutningur á milli EES og Bretlands er viðurkenndur haft áhrif á kröfu sem ég geri á trygginguna mína? | 11 |
| 24 | Hver er óháði aðilinn?  | 11 |
| 25 | Af hverju var ekki haft samráð við mig eða mér gefinn kostur á að kjósa um áætlunina?   | 11 |
| 26 | Ég bý erlendis, hvernig get ég sent inn ábendingu eða lagt fram andmæli?  | 12 |
| 27 | Hver greiðir fyrir flutninginn?   | 12 |

## NÆSTU SKREF

|    |                                    |    |
|----|------------------------------------|----|
| 28 | Hvað þarf ég að gera núna?         | 13 |
| 29 | Hvernig fæ ég frekari upplýsingar? | 13 |

## HVERNIG Á ÉG AÐ HAFA SAMBAND

Hafðu tilvísunarnúmerið þitt við hendina, þú getur fundið það efst í meðfylgjandi bréfi.



Upplýsingasími: 00 354 553 6688\*  
Mánudaga til föstudaga: 10:00 til 16:00  
Lokað á almennum frídögum.  
Mögulegt er að við tökum upp og fylgjumst með símtölum.  
\*Rukkað er fyrir símtöl samkvæmt venjulegum texta.



**[www.phoenixlife.co.uk/transfer22](http://www.phoenixlife.co.uk/transfer22)**



Phoenix Life Þjónustudeild  
Tryggingamiðlun Íslands  
Hlíðasmári 12  
201 Kópavogur  
Ísland

# HVAÐ ER AÐ GERAST?

## 1. Ég er ekki viss um hvað er að gerast. Getið þið útskýrt það?

Við skrifuðum þér til að láta þig vita að Phoenix Life Limited (Phoenix) hyggst flytja tryggingar írskra, þýskra og íslenskra viðskiptavina yfir í nýstofnað írskt fyrirtæki sem kallast Phoenix Life Assurance Europe dac (PLAE) sem verður með starfsleyfi og lýtur eftirliti á Írlandi.

Á sama tíma ætlar ReAssure Life Limited (ReAssure), sem er annað fyrirtæki innan Phoenix Group, að flytja tryggingar þýskra, norskra og sænskra viðskiptavina yfir í PLAE.



**Frekari upplýsingar um nýja fyrirtækið, PLAE, má finna í spurningu 3.**

Til að flytja þessar tryggingar þurfa bæði Phoenix og ReAssure að fylgja ströngu ferli samkvæmt lögum og reglugerðum sem felur í sér samráð við viðkomandi eftirlitsyfirköld, að fá álit óháðs aðila (óháðs sérfræðings) á áhrifum á váttryggingartaka vegna fyrirhugaðs flutnings, upplýsingagjöf til viðskiptavina um fyrirætlanir fyrirtækjanna, með því að skrifa þeim þegar unnt er, og tilkynningar til fjölmiðla.

Það er mikilvægt að viðskiptavinir skilji hvað er að gerast varðandi tryggingarnar sínar og fái tækifæri til að spyrja spurninga eða koma með ábendingar. Það er einnig mikilvægt að viðskiptavinir segi öðrum sem kunna að hafa hagsmuna að gæta varðandi tryggingarnar frá því sem er að gerast, til dæmis bótaþega, fjárvörslumanni í gjaldþroti, skiptastjóra, fulltrúa einstaklings eða framsalshafa.

Ef viðskiptavinir hafa áhyggjur af því hvernig fyrirhugaður flutningur hefur áhrif á tryggingarnar þeirra, eða telja að þeir gæti orðið fyrir neikvæðum áhrifum, geta þeir lagt fram andmæli. Við útskýrum hvernig það er gert á næstu síðu.

Phoenix og ReAssure hafa leitað til Hæstaréttar Englands og Wales (hvað varðar allar tryggingar sem verða fluttar, þar á meðal írskar tryggingar) og Hæstaréttar Írlands (hvað varðar flutning á írskum tryggingum) til að fá heimild fyrir flutningi á þessum tryggingum.

Öll andmæli sem berast verða lögð fyrir Hæstarétt Englands og Wales og andmæli sem varða flutning írskra trygginga verða einnig lögð fyrir Hæstarétt Írlands. Hvor dómstóllinn tekur andmælin til greina við ákvarðanatöku sína.

Við vonum að upplýsingarnar sem við sendum þér svari öllum spurningunum þínum, en ef þú ert með frekari spurningar eða vilt að einhver ræði við þig um áætlunina okkar getur þú haft samband með upplýsingunum á fyrri síðu

## Andmæli

### **Ef þú hefur áhyggjur af fyrirhuguðum flutningi og telur að hann gæti haft neikvæð áhrif á þig áttu rétt á að leggja fram andmæli.**

Þú getur lagt fram ábendingar eða andmæli varðandi áætlunina með eftirfarandi hætti:

### **Með því að hringja í upplýsingasímann okkar, skrifa okkur eða fylla inn í eyðublaðið á netinu.**

Láttu okkur vita ef þú ert með ábendingar um áætlunina. Ef við getum ekki brugðist við ábendingunum þínum og þú vilt leggja fram andmæli munum við tilgreina hvorum dómstólnum, óháða aðilanum og eftirlitsyfirvöldum frá andmælum þínum áður en málflutningurinn fer fram. .



**Samskiptaupplýsingarnar okkar má finna á bls. 3 í þessum bæklingi**

Vinsamlegast leggðu fram ábendingar eða andmæli eins fljótt og auðið er og helst fyrir 10. október 2022.

### **Með því að mæta fyrir annan hvorn dómstólinn og leggja fram andmælin í eigin persónu.**

Ef þú vilt getur þú mætt þegar málflutningur fer fram fyrir öðrum hvorum af dómstólunum eða beðið fulltrúa um að gera slíkt fyrir þig. Fulltrúi þinn þarf ekki að hafa kunnáttu í lögfræði og getur verið vinur eða ættingi, en þarf að hafa heimild frá dómstólunum til að tala fyrir þína hönd.

Hyggist þú eða fulltrúi þinn koma á framfæri sjónarmiðum þínum eða andmælum á dómþinginu skaltu láta okkur vita svo við getum haft samband við þig ef breytingar verða á dagsetningunni. Hugsanlega getum við brugðist beint við ábendingunum þínum.

Einnig kann að vera unnt sækja dómþing yfirréttarins gegnum fjarfundabúnað eða símafund telji dómstóllinn það viðeigandi. Við munum vita hvort þetta verður mögulegt þegar nær dregur dómþinginu. Verði það hægt munum við uppfæra vefsíðu okkar á undan dómþinginu með þeim upplýsingum sem þú þarft. Gættu þess að fylgjast með vefsíðu okkar, [www.phoenixlife.co.uk/transfer22](http://www.phoenixlife.co.uk/transfer22), hafir þú áhuga á þessum valkosti.

## 2. Hvaða tryggingar er verið að flytja?

Ef bæði Hæstiréttur Englands og Wales og Hæstiréttur Írlands samþykkja fyrirætlanir okkar má búast við að eftirfarandi tryggingar verði fluttar yfir í PLAE þann 1. janúar 2023.

| Tryggingar hjá Phoenix               | ReAssure-tryggingar                  |
|--------------------------------------|--------------------------------------|
| Allar tryggingar seldar á Írlandi    | Allar tryggingar seldar í Pýskalandi |
| Allar tryggingar seldar í Pýskalandi | Allar tryggingar seldar í Noregi     |
| Allar tryggingar seldar á Íslandi    | Allar tryggingar seldar í Svíþjóð    |

Flutningsdagsetningin gæti breyst og ef svo er látum við þig vita með því að setja tilkynningu á vefsvæðið okkar og taka upp skilaboð fyrir upplýsingasímann.

### 3. Hvað er Phoenix Life Assurance Europe (PLAE)?

PLAE er nýtt fyrirtæki innan Phoenix Group sem verið er að stofna á Írlandi til að taka við rekstri sem fluttur er frá Phoenix og ReAssure. PLAE er skráð á Írlandi með númerið 684882. Heimilisfang skráðrar skrifstofu PLAE er 90 St. Stephen's Green, Dublin, D02 F653, Írlandi.

Írsk tryggingafyrirtæki eru undir eftirliti Seðlabanka Írlands (Central Bank of Ireland, CBI) og þar sem PLAE er skráð á Írlandi getur það haldið áfram að fylgja reglum Evrópusambandsins hvað varðar greiðsluhæfi þegar það hefur fengið starfsleyfi.

Ef flutningurinn gengur í gegn verður þú viðskiptavinur PLAE og ættir ekki að finna fyrir neinum breytingum á þjónustunni sem þú færð. Þú munt halda áfram að nota sömu samskiptaupplýsingar og tala við sama fólk og þú gerir núna.

Fyrirtækið verður rekið af stjórnendateymi og stjórnarmeðlimum sem verða flestir staðsettir á Írlandi. Eins og önnur fyrirtæki innan samstæðunnar mun PLAE fá stuðning frá Phoenix Group og fjölda sérfræðinga sem starfa við rekstur annarra fyrirtækja Phoenix Group í Bretlandi og á Írlandi.

Phoenix og ReAssure munu eingöngu óska eftir leyfi frá dómstólum til að framkvæma fyrirætlanir sínar þegar PLAE hefur hlotið starfsleyfi frá CBI.

### 4. Hver er ástæðan fyrir þessu?

Í kjölfar útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu er hugsanlegt að tryggingafyrirtæki á borð við Phoenix og ReAssure (sem bæði eru skráð og með starfsleyfi í Bretlandi) geti ekki veitt evrópskum váttryggingartökum fulla þjónustu og óvissa ríkir um hvaða reglur gætu gilt í framtíðinni.

Þar sem bæði fyrirtækin eru hluti af Phoenix Group hefur verið ákveðið að flytja allar tryggingar þýskra, íslenskra, sænskra og norskra viðskiptavina hjá Phoenix og ReAssure til PLAE, sem er staðsett innan Evrópusambandsins (þar sem það er írskt fyrirtæki).

Þetta þýðir að PLAE getur haldið áfram að veita fulla þjónustu fyrir þessar tryggingar og engar breytingar verða á tryggingaskilmálunum þínum vegna flutningsins.

Sem váttryggingartaki hjá Phoenix átt þú rétt á að leggja fram ábendingu eða andmæli vegna flutningsins ef þú vilt. Upplýsingar um hvernig á að gera það má finna á bls. 5 í þessum bæklingi.

## HVAÐ ÞÝÐIR ÞETTA FYRIR ÞIG

### 5. Hefur þetta áhrif á tryggingabæturnar mínar?

Núverandi innihald og bætur tryggingarinnar þinnar mun ekki breytast vegna flutningsins. Ef tryggingarnar þínar fela í sér ábyrgðir munu þær ekki breytast.

### 6. Breytast skilmálarnir mínir?

Nei, það verður engin breyting á tryggingaskilmálunum þínum.

### 7. Hvernig veit ég hvaða tryggingar ég er með?

Ef þú ert ekki viss um hvaða tryggingar þú ert með skaltu hringja í upplýsingasímann okkar.

### 8. Hvað gerist ef tryggingin mín fellur úr gildi fyrir flutningsdaginn?

Þú þarft ekki að gera neitt. Ef tryggingin þín fellur úr gildi fyrir áætlaðan flutningsdag þann sunnudagur, 1. janúar 2023 verður hún ekki flutt og þú getur hunsað þennan póst.

### 9. Hvaða breytingum mun ég finna fyrir?

Eftir flutninginn mun tryggingafélagið þitt breytast í PLAE og þú munt sjá vísanir í nýtt heiti fyrirtækisins á upplýsingum sem þér berast.

Flutningurinn hefur ekki áhrif á þjónustustigið þitt. Umsjón tryggingarinnar þinnar verður áfram á Íslandi eins og hingað til. Ef þú hringir með spurningu um trygginguna þína notar þú sama símanúmer og talar við sama fólk og nú gerir núna.

### 10. Hvern á ég að hafa samband við varðandi trygginguna mína eftir flutninginn?

Flutningurinn breytir því ekki hvernig þú hefur samband. Trygging þín verður áfram undir umsjón á Íslandi eins og hún hefur alltaf verið og þú munt halda áfram að nota sömu símanúmer til að tala við sama hóp fólks á Íslandi um stefnu þína eins og þú gerir núna. Samskiptaupplýsingarnar má finna í fyrri bréfum sem við höfum sent þér.

### 11. Hvað verður um greiðslurnar mínar?

Ef þú þarft að greiða eitthvað verða engar breytingar á greiðsluupphæðinni vegna fyrirhugaðs flutnings.

Engin breyting verður á iðgjöldum þínum eða greiðslumáta iðgjalda vegna flutningsins.

### 12. Verða breytingar á ábyrgðum eða valkostum tryggingar minnar?

Allar ábyrgðir eða valkostir sem þú hefur fyrir trygginguna þína núna munu ekki breytast vegna flutningsins.

### 13. Hefur áætlunin áhrif á skattalega stöðu mína?

Engar breytingar verða á skattalegri stöðu þinni vegna flutningsins.

### 14. Tryggingin mín fellur eins og er undir bótakerfi breska fjármálaeftirlitsins (FSCS). Breytist þetta?

Ef tryggingin þín fellur undir gjaldþrotatryggingu í Bretlandi (FSCS) er mikilvægt að

Þú vitir að eftir flutninginn mun tryggingin ekki falla undir FSCS. Ef tryggingin þín fellur ekki undir FSCS mun flutningurinn ekki hafa nein áhrif hvað það varðar.

FSCS er lögbundinn bótasjóður í Bretlandi sem verndar tryggingahafa ef tryggingafyrirtæki getur ekki, eða er líklegt til að geta ekki, greitt út tryggingabætur (til dæmis vegna gjaldþrots tryggingafyrirtækisins). Vernd FSCS nær eingöngu til viðskiptavina hjá fjármálafyrirtækjum sem eru skráð í Bretlandi.

Eftir flutninginn fellur tryggingin þín ekki lengur undir FSCS vegna þess að PLAE er staðsett á Írlandi og ekki er til staðar sambærilegt írskt bótakerfi.

Hins vegar leitast írskar reglur um gjaldþrot við að vernda vátryggingartaka hjá írskum tryggingafélögum sem verða gjaldþrota. Fjárhagsleg trygging fyrir trygginguna þína er á vegum PLAE, sem þarf að hafa nægilegt fjármagn til að halda áfram að veita fjárhagslega tryggingu, jafnvel þegar fjármálaleg skilyrði eru erfið. Þessum reglum er ætlað að draga úr þörfinni á sambærilegu verndarkerfi á Írlandi.

Í grein 2.54 í þessari skýrslu segir óháði aðilinn að yfirfærsla rekstursins til PLAE sé til að tryggja stöðugleika, samræmi og samfellu í umsýslu og greiðslum í kjölfar Brexit og loka aðlögunartímans, og niðurfelling verndar FSCS er óhjákvæmileg afleiðing þessa.

Í málsgrein 7.73 segir hann: „Ég er því sannfærður um að missir FSCS-verndar myndi ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á bótaöryggi fyrir flutta vátryggingartaka. Sér í lagi, með hliðsjón af því hversu litlar líkur eru á vanskilum eða gjaldþroti PLAE, eru ókostirnir við missi FSCS mun færri en kostirnir við bresku áætlunina, að því leyti að breska áætlunin tryggir öryggi ásamt samræmdri og samfelldri þjónustu fyrir umsýslu og bætur til vátryggingartaka í EES hjá tryggingafélagi innan Phoenix Group.“

## **15. Hefur flutningurinn áhrif á aðgengi að umboðsmanni vegna fjármálaþjónustu í Bretlandi?**

Umboðsmaður er einstaklingur sem hefur verið skipaður til að rannsaka kvartanir um fyrirtæki og samtök. Þeir eru sjálfstæðir og óháðir – svo þeir taka ekki afstöðu.

Ef þú ert með kvörtun sem við getum ekki leyst úr áttu rétt á að beina henni til umboðsmannsins.

Réttur þinn til að leggja fram kvörtun hjá umboðsmanni vegna fjármálaþjónustu í Bretlandi verður enn til staðar hvað varðar vandamál sem komu upp fyrir áætlaðan flutning þann sunnudagur, 1. janúar 2023.

Ef þú ert með kvörtun varðandi vandamál sem komu upp eftir að tryggingin þín var flutt til PLAE (eftir áætlaðan flutningsdag þann sunnudagur, 1. janúar 2023) ættir þú að beina henni til umboðsmanns vegna fjármálaþjónustu og eftirlauna á Írlandi (Irish Financial Services and Pensions Ombudsman).

Þú getur einnig lagt fram kvörtun hjá umboðsmanni í þínu landi eða fjármálaeftirliti.

## **16. Hvað verður um persónuupplýsingarnar mínar?**

Þegar áætlunin er samþykkt verða gögnin þín flutt til PLAE og þú verður vátryggingartaki hjá PLAE. Gögnin þín verða áfram notuð í sama tilgangi og þeim var safnað fyrir í upphafi til að veita þér trygginguna þína. Samkvæmt gagnaverndarlögum ber PLAE skylda til að gera fullnægjandi öryggisráðstafanir til að vernda upplýsingarnar þínar, á sama hátt og Phoenix bar skylda til að gera.

Frekari upplýsingar um hvernig gögnin þín eru notuð má finna í persónuverndaryfirlýsingunni, sem finna má á vefsvæði PLAE á

**[www.PLAE.thephoenixgroup.com](http://www.PLAE.thephoenixgroup.com)**.



# FREKARI UPPLÝSINGAR UM FERLIÐ SEM VIÐ FYLGJUM

## 17. Hvernig fer ferlið fyrir dómstólum fram?

Samkvæmt lögum þurfum við samþykki hæstaréttar til að flytja trygginguna þína. Í þessu tilfalli þurfum við að leita til Hæstaréttar Englands og Wales (hvað varðar allar tryggingar sem verða fluttar, þar á meðal írskar tryggingar) og Hæstaréttar Írlands (hvað varðar flutning á írskum tryggingum).

Flutningurinn fer ekki fram nema báðir dómstólar samþykki hana. Báðir hæsturéttir þurfa að vera fullvissir um að tillagan uppfylli öll lagaskilyrði og hafi engin veruleg neikvæð áhrif á váttryggingartaka. Hæsturéttirnir samþykkja flutninginn eingöngu ef rétt er að gera það.

Málflutningurinn fer fram á eftirfarandi dögum:

- Hæstiréttur Englands og Wales þann 18. október 2022
- Hæstiréttur Írlands þann 1. nóvember 2022

Hins vegar geta dagsetningarnar hér að ofan breyst. Ef það gerist færðu upplýsingar um nýjar dagsetningar málflutnings fyrir hæstarétti ef þú hringir í okkur og við munum setja tilkynningu á vefsvæði okkar. Við munum einnig senda tilkynningu um nýja dagsetningu til fólks sem hefur lagt fram andmæli eða ábendingu, eða greint okkur frá því að þau hyggist mæta á málflutning fyrir hæstarétti.

Við málflutninginn munum við óska eftir samþykki hæstaréttar fyrir fyrirhuguðum flutningi. Ef báðir dómstólar gefa leyfi gerum við ráð fyrir því að flutningurinn fari fram 1. janúar 2023.

Við ítrekum að sú dagsetning gæti breyst. Ef flutningsdagsetningin breytist látum við þig vita með því að setja tilkynningu á vefsvæðið okkar og taka upp skilaboð fyrir upplýsingasímann.

Þú getur mætt á hvort dómþingið sem er eða beðið fulltrúa um að gera það fyrir þig. Fulltrúi þinn þarf ekki að hafa kunnáttu í lögfræði og getur verið vinur eða ættingi, en þarf að hafa heimild frá dómstólunum til að tala fyrir þína hönd.

Einnig kann að vera unnt sækja dómþing yfirréttarins gegnum fjarfundabúnað eða símafund telji dómstóllinn það viðeigandi. Við munum vita hvort þetta verður mögulegt þegar nær dregur dómþinginu. Verði það hægt munum við uppfæra vefsíðu okkar á undan dómþinginu með þeim upplýsingum sem þú þarft. Gættu þess að fylgjast með vefsíðu okkar, [www.phoenixlife.co.uk/transfer22](http://www.phoenixlife.co.uk/transfer22), hafir þú áhuga á þessum valkosti.

### Dagsetning flutnings

Reglurnar sem gilda fyrir áætlunina (sem kallast tímabundnar tryggingarviðskiptareglur og voru settar í gildi í Bretlandi eftir að Bretland sagði af sér úr Evrópusambandinu) krefjast þess að við höfum fengið skipun frá Hæstiréttinum til að samþykkja áætlunina ekki fyrr en 31. desember 2022.

Við báðum Hæstiréttinn í Englandi og Wales að íhuga hvort afhendingardagsetning áætlunarinnar væri enn í samræmi við reglur um afhendingu trygginga, þrátt fyrir að gildistökudagsetning afhendingarinnar samkvæmt áætluninni hafi átt sér stað eftir 31. desember 2022.

Fyrri yfirheyrsla var haldin í Hæstiréttinum í Englandi og Wales þann 15. júní 2022, þar sem umsókn okkar um að flytja stefnu eftir 31. desember 2022 var metin af Hæstiréttinum. Dómstóllinn var ánægður með að við gætum gert það og búist við að flutningurinn taki gildi 1. janúar 2023.

Í lokaréttarhöldunum munu báðir hæstaréttardómarar íhuga óþægindi sem koma fram ef einstaklingur telur að það hafi neikvæð áhrif á hann.

## **18. Af hverju þarf leyfi frá báðum dómstólum?**

Phoenix og ReAssure eru bresk fyrirtæki og því þarf samþykki frá Hæstarétti Englands og Wales ef þau vilja flytja rekstur sinn. Auk þess, þar sem margar tryggingar hjá Phoenix heyra einnig undir írskt útibú Phoenix krefjast írsk lög þess að samþykki hæstaréttar Írlands sé fengið.

Þess vegna þarf samþykki frá báðum hæsturéttum áður en fyrirhugaðir flutningar geta tekið gildi.

## **19. Hvað gerist ef annar dómstólanna samþykkir ekki áætlunina?**

Flutningurinn fer eingöngu fram ef við fáum samþykki frá bæði Hæstarétti Englands og Wales og Hæstarétti Írlands. Ef annar dómstólanna samþykkir ekki fyrirætlanir okkar fer flutningurinn ekki fram.

## **20. Hvernig kemst ég að því hvort dómstólarnir hafi samþykkt áætlunina?**

Eftir málflytning fyrir hæstarétti setjum við tilkynningu á vefsvæðið okkar og tökum upp skilaboð fyrir upplýsingasímann til að greina frá ákvörðun réttarins. Við birtum einnig auglýsingu í fjölmiðlum.

## **21. Fer flutningurinn sjálfkrafa fram?**

Flutningurinn fer eingöngu fram ef við fáum samþykki frá bæði Hæstarétti Englands og Wales og Hæstarétti Írlands. Báðir dómstólarnir munu taka tillit til þáttanna sem lýst er í spurningu 17 hér að ofan í ákvarðanatöku varðandi fyrirhugaðan flutning.

Tryggingarnar verða eingöngu fluttar yfir í PLAE ef PLAE staðfestir að það hafi hlotið fjármögnun sem stjórnir Phoenix og ReAssure telji nægilega til að uppfylla eiginfjárkröfu PLAE, með tilliti til eigna sem verða fluttar samkvæmt áætluninni, þar sem upphæðin er hærri en kröfur um lögbundið eigið fé.

## **22. Dómstóllinn í mínu landi hefur ekki samþykkt þennan flutning. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja vernd mína?**

Í kjölfar þess að Bretland sagði sig úr Evrópusambandinu hafa reglurnar sem heimiluðu sjálfkrafa viðurkenningu á flutningi breskra tryggingaviðskipta í öllum EES ríkjum fallið úr gildi, og engar jafngildar reglur eða kröfur fyrir flutninga eins og þessa sem hófust fyrir lok fullgildingar Brexit þann 31. desember 2020 hafa verið samdar. Þetta veldur einhverri óvissu um hvernig viðurkenna ætti hafinn flutning í EES.

EIOPA (evrópsk váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnun) hefur ráðlagt í leiðbeiningum sínum sem birtar voru þann 19. febrúar 2019 að eftirlitsaðilar innan EES skuli leyfa að ljúka við flutninga sem eru hafnir. Fjöldi eftirlitsaðila innan EES hafa samþykkt leiðbeiningar um reglugerðir og reglur varðandi hafna flutninga, þar á meðal eftirlitsaðilar í Þýskalandi, Svíþjóð, á Íslandi og í Noregi (kallast saman viðkomandi eftirlitsaðilar). Þessi nálgun krefst þess að þau ströngu lög og reglur um flutning tryggingaviðskipta sem giltu áður en Bretland sagði sig úr ESB muni halda áfram að gilda um hafna flutninga.

Þar af leiðandi telst hættan á að þessi óvissa valdi erfiðleikum í reynd afar lítil. Ráðgjafar í Þýskalandi, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi hafa staðfest að viðkomandi eftirlitsaðilar hafi lýst yfir að þeir muni fara eftir samþykktum leiðbeiningum um reglugerðir og reglur. Auk þess höfum við fengið staðfestingu í öllum tilfellum um að viðkomandi eftirlitsaðilar muni fara eftir leiðbeiningum EIOPA og að ef áætlunin

fer fyrir dóm í þeirra lögsögu er líklegt að viðkomandi hæstiréttur fari eftir álitu viðkomandi eftirlitsaðila og þar af leiðandi er líklegt að hann samþykki flutninginn samkvæmt áætluninni.

### **23. Geta framtíðarbreytingar á því hvernig flutningur á milli EES og Bretlands er viðurkenndur haft áhrif á kröfu sem ég geri á trygginguna mína?**

Það er einhver óvissa til staðar varðandi það hvernig flutningur sem var hafinn fyrir lok fullgildingar Brexit þann 31. desember 2020, eins og þessi fyrirhugaði flutningur, verði viðurkenndur innan EES. Viðeigandi eftirlitsaðilar innan EES hafa ekki gert neinar sambærilegar reglur til að bregðast við viðurkenningu á flutningi sem er hafinn.

Til að tryggja að váttryggingartakar séu varðir fyrir þessari óvissu inniheldur áætlunin beina skuldbindingu PLAÉ gagnvart váttryggingartökum um að greiða allar gildar kröfur. Phoenix og ReAssure hafa einnig skuldbundið sig gagnvart hæsturéttum Englands og Írlands um að nota þessa óvissu ekki til að draga gildi áætlunarinnar í vafa í hvoru lögsagnarumdæmi.

### **24. Hver er óháði aðilinn?**

Óháði aðilinn er óháður og sjálfstæður aðili sem er skipaður til að fara yfir fyrirhugaðan flutning og áhrif hans á váttryggingartaka.

Philip Simpson, sem er stjórnandi (reyndur og viðurkenndur tryggingafræðingur) hjá Milliman LLP, var skipaður til að fara yfir þennan flutning. Hann er tryggingafræðingur sem hefur reynt af flutningum á líftrygginga- og eftirlaunarekstri.

Tryggingafræðingur er sérfróður og hæfur einstaklingur sem notar stærðfræðilegar, tölfræðilegar og aðrar aðferðir til að meta fjármál og öryggi tryggingafélaga. Þeir hafa víðtæka og ítarlega þekkingu á tryggingastarfsemi og geta notað þessa hæfileika til að meta áhrif breytinga á tryggingafélög og váttryggingartaka.

Philip Simpson setti saman sérstaka skýrslu þar sem hann lýsir yfirferð sinni á fyrirhuguðum flutningi og skoðun sinni á því hvort einhver hópur váttryggingartaka gæti orðið fyrir töluverðum neikvæðum áhrifum af honum.

Sem skipaður óháður aðili hefur Philip Simpson skyldu gagnvart Hæstarétti Englands og Wales og Hæstarétti Írlands til að veita faglegt og óháð mat á fyrirhuguðum flutningi.

CBI var tilkynnt um skipun hans og hún var einnig samþykkt af Prudential Regulation Authority að höfðu samráði við Financial Conduct Authority.

### **25. Af hverju var ekki haft samráð við mig eða mér gefinn kostur á að kjósa um áætlunina?**

Þessi upplýsingapakki og upplýsingarnar á vefsvæði okkar veita nákvæmar upplýsingar um fyrirætlanir okkar og eru hluti af samráðsferlinu. Samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum þarf áætlunin ekki að vera samþykkt af váttryggingartökum með kosningu til að hún geti farið fram. Hins vegar átt þú rétt á að deila öllum ábendingum sem þú ert með og leggja fram andmæli ef þú telur að þú gætir orðið fyrir neikvæðum áhrifum af þessu, og dómstólarnir munu taka það til athugunar.



Upplýsingar um hvernig á að leggja fram ábendingar eða andmæli eru á síðu 5 í þessum bæklingi.

## 26. Ég bý erlendis, hvernig get ég sent inn ábendingu eða lagt fram andmæli?

Ef þú getur ekki eða vilt ekki mæta fyrir dómstóla getur þú lagt fram ábendingu eða andmæli hjá okkur. Ef við getum ekki brugðist við ábendingunum þínum og þú vilt leggja fram andmæli munum við skrá og senda inn andmælin þín, ásamt svari okkar, til hæstaréttar, óháða aðilans og eftirlitsyfirvalda áður en málflytingur fyrir hæstarétti fer fram.

Ef þú vilt senda inn ábendingu eða leggja fram andmæli getur þú hringt í upplýsingasímann okkar, skrifað okkur eða farið á vefsvæðið [www.phoenixlife.co.uk/transfer22](http://www.phoenixlife.co.uk/transfer22). Samskiptaupplýsingarnar eru í 3. og 14. kafla í þessum bæklingi.



Frekari upplýsingar um hvernig á að leggja fram andmæli eru á síðu 5 í þessum bæklingi.

Vinsamlegast leggðu fram ábendingar eða andmæli eins fljótt og auðið er og helst fyrir 10. október 2022.

Einnig kann að vera unnt sækja dómþing yfirréttarins gegnum fjarfundabúnað eða símafund telji dómstóllinn það viðeigandi. Við munum vita hvort þetta verður mögulegt þegar nær dregur dómþinginu. Verði það hægt munum við uppfæra vefsíðu okkar á undan dómþinginu með þeim upplýsingum sem þú þarft. Gættu þess að fylgjast með vefsíðu okkar, [www.phoenixlife.co.uk/transfer22](http://www.phoenixlife.co.uk/transfer22), hafir þú áhuga á þessum valkosti.

## 27. Hver greiðir fyrir flutninginn?

Kostnaðurinn verður greiddur af viðkomandi fyrirtækjum. Engin kostnaður leggst á váttryggingartaka.

### 28. Hvað þarf ég að gera núna?

Lestu bréfið og meðfylgjandi upplýsingar sem við sendum til að tryggja að þú skiljir fyrirætlanir okkar og þýðingu þeirra fyrir þig. Við leggjum til að þú geymir þessar upplýsingar hjá tryggingarskírteininu þínu.

Ef þú hefur einhverjar spurningar eða vilt að við förum yfir fyrirætlanir okkar með þér skaltu hafa samband við upplýsingasímann. Ef þú telur að áætlunin geti haft neikvæð áhrif á þig hefur þú rétt á að leggja fram ábendingar eða andmæli (nánari upplýsingar um hvernig á að gera þetta eru á síðu 5 í þessum bæklingi).

Gættu þess að gefa öðrum sem kunna að hafa hagsmuna að gæta varðandi trygginguna þína (eða tryggingarnar) tækifæri til að lesa þessar upplýsingar líka. Þetta gæti verið tilgreindur bótaþegi, fjárvörslumaður í gjaldþroti, skiptastjóri, fulltrúi einstaklinga eða framsalshafi.

### 29. Hvernig fæ ég frekari upplýsingar?

Dí meðfylgjandi leiðarvísi áætlunarinnar er lýsing á fyrirhuguðum breytingum og þar á meðal er samantekt á áætluninni auk samantektar á álitum óháða aðilans hvað varðar áhrif á váttryggingartaka.

Á vefsvæði okkar á [www.phoenixlife.co.uk/transfer22](http://www.phoenixlife.co.uk/transfer22) má finna skýrslu óháða aðilans í heild sinni og önnur skjöl sem tengjast áætluninni.

Frekari tæknilegar upplýsingar, á borð við skjalið með áætluninni og skýrslu óháða aðilans í heild sinni, má finna á ensku á vefsvæði okkar. Ef þú vilt fá afrit af tækniskjöllum sem hafa verið þýdd á íslensku skaltu láta okkur vita með að hringja í upplýsingasímann. Til að gefa okkur tíma til að þýða skjölin og senda þau til þín skaltu óska eftir afriti eins fljótt og auðið er og helst fyrir 16. september 2022.

Ef þú ert með spurningar skaltu hafa samband við upplýsingasímann með upplýsingunum sem eru hér á eftir.

## HVERNIG Á ÉG AÐ HAFA SAMBAND

Hafðu tilvísunarnúmerið þitt við hendina, þú getur fundið það efst í meðfylgjandi bréfi.



Upplýsingasími: 00 354 553 6688\*

Mánudaga til föstudaga: 10:00 til 16:00

Lokað á almennum frídögum.

Mögulegt er að við tökum upp og fylgjumst með símtölum.

\*Rukkað er fyrir símtöl samkvæmt venjulegum taxa..



[www.phoenixlife.co.uk/transfer22](http://www.phoenixlife.co.uk/transfer22)



Phoenix Life Þjónustudeild

Tryggingamiðlun Íslands

Hlíðasmári 12

201 Kópavogur

Ísland

**Ef þú vilt fá þessar upplýsingar á prenti með stærra letri, á blindraletri eða sem hljóðupptöku vinsamlegast hringdu í okkur í síma 00 354 553 6688.**



